

Fjölskyldu- og styrktarsjóður  
BHM, BSRB og KÍ

---

Ársreikningur

---

**2005**

Efnisyfirlit	
Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9
Sundurliðanir	10

---

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og aðildarfélaga í Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ.

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Reykjavík, 8. maí 2006

**Deloitte hf.**

Lárus Finnbogason  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Fjölskyldu- og styrktarsjóður BHM, BSRB og KÍ var stofnaður í samræmi við samkomulag við viðsejendur þessara samtaka, sbr. samkomulag við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneftdar sveitarfélaga. Auk aðildarfélaga ofangreindra samtaka eiga eftirtalin félög aðild að sjóðnum: Félag flugumferðarstjóra, Stéttarfélag verkfræðinga, Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar, Starfsmannafélag Alþingis og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

Með samkomulaginu frá 24. október 2000 skuldbundu launagreiðendur sig til að greiða 0,41% af heildarlaunum hvers starfsmanns í sérstakan sjóð og skyldi hluti framlagsins, 0,11% renna í fjölskyldusjóð en 0,30% í styrktarsjóði þeirra samtaka sem standa að sjóðnum. Fjölskyldusjóðnum er ætlað að tryggja að opinberir starfsmenn haldi óskertum rétti í barnsburðarleyfi þrátt fyrir niðurfellingu reglugerðar þar að lútandi. Í þessu skyni var sjóðurinn settur á fót og tók hann til starfa 1. janúar 2001. Honum er ætlað a) að taka við iðgjöldum og ávaxta þau, b) að taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi, c) að taka ákvarðanir um frekari ráðstöfun fjármuna sjóðsins skv. nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

Frá 1. janúar 2005 var afgreiðslum Fæðingarorlofssjóðs TR breytt. Tekjuviðmið var ekki lengur 80% af meðallaunum 12 síðustu mánuði af 14 fyrir áætlaðan fæðingardag barns heldur varð viðmiðið tvö síðustu skattár. Þetta hafði í för með sér almenna lækkun greiðslna frá Fæðingarorlofssjóði sem aftur hefur leitt til mikillar hækkunar á mismunargreiðslum frá FOS.

Á árinu 2005 hefur iðgjald í Fjölskyldusjóðinn numið 0,18% af heildarlaunum.

Fjöldi umsókna um greiðslu úr sjóðnum er svipaður milli ára.

Stjórn sjóðsins skipa Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM, Eiríkur Jónsson formaður KÍ og Ögmundur Jónasson formaður BSRB sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar. Varamenn í stjórn eru Gísli Tryggvason framkvæmdastjóri BHM, Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ og Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur BSRB. Sjóðstjórnin hélt 6 fundi á árinu.

Starfsmenn sjóðsins í árslok voru Ólafur B. Andrésson, framkvæmdastjóri sjóðsins, Lilja Ómarsdóttir og Ástríður Jónsdóttir.



Sjóðurinn sér um innheimtu iðgjalda fyrir báðar stoðir Fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Styrktarsjóðshlutinn er látinn renna í viðkomandi styrktarsjóði einstakra félaga eða bandalaga en fjölskyldusjóðshlutinn, sem gerð er grein fyrir í þessum ársreikningi, er hins vegar miðlægur.

Sjóðurinn sér um allan rekstur fyrir Fjölskyldusjóðinn og innheimtu iðgjalda fyrir styrktarsjóðina sem sjá sjálfir um rekstur sinn. Landsbanki Íslands hf. sá um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins.

Aðsetur sjóðsins er að Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.

Að áliti stjórnar Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2006

 <sup>í stjórn</sup> Halldóra Friðjónsdóttir 

## Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrartekjur .....		188.456.728	181.422.942
Aðrar tekjur .....		5.902.373	4.749.336
Úthlutanir úr fjölskyldusjóði .....		(231.304.764)	(155.265.356)
Laun og tengd gjöld .....	3	(13.571.554)	(12.788.767)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(3.305.207)	(2.571.622)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>(53.822.424)</b>	<b>15.546.533</b>
Fjármunatekjur .....	4	6.666.546	3.192.876
Fjármagnsgjöld .....	5	(678.820)	(353.058)
<b>(Gjöld) umfram tekjur ársins</b>		<b>(47.834.698)</b>	<b>18.386.351</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir í rekstri	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	285.698	285.698
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimt iðgjöld .....	7	33.045.610	13.286.459
Aðrar skammtímaktöfur .....	7	4.799	2.374.668
Handbært fé .....	7	76.762.097	107.531.218
		<u>109.812.506</u>	<u>123.192.345</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Óuppgerð iðgjöld til styrktarsjóða .....	10	(71.552.386)	(89.716.767)
Ógreiddar samþykktar úthlutanir .....	10	(107.671.828)	(51.272.794)
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	(799.113)	(4.578.907)
		<u>(180.023.327)</u>	<u>(145.568.468)</u>
Hreint veltufé (neikvætt)		<u>(70.210.821)</u>	<u>(22.376.123)</u>
Skuldir umfram eignir í rekstri		<u>(69.925.123)</u>	<u>(22.090.425)</u>
<b>Eigið fé</b>			
Ójafnað tap .....		<u>(69.925.123)</u>	<u>(22.090.425)</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		(53.822.424)	15.546.533
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		(53.822.424)	15.546.533
Aðrar rekstrartengar eignir (hækkun) lækkun .....		(17.389.282)	8.318.604
Rekstrartengdar skuldir lækkun (lækkun) .....		52.619.240	30.142.642
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		(18.592.466)	54.007.779
Innborgaðir vextir og arður .....		6.666.546	3.192.876
Greiddur fjármagnstekjuskattur og vextir .....		(678.820)	(353.058)
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<b>(12.604.740)</b>	<b>56.847.597</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Óuppgerð iðgjöld styrktarsjóða - breyting .....	8	(18.164.381)	27.855.946
		(18.164.381)	27.855.946
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(30.769.121)	84.703.543
Handbært fé í upphafi árs .....		107.531.218	22.827.675
Handbært fé í lok árs .....		76.762.097	107.531.218
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		(47.834.698)	18.386.351

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Starfsemi Fjölskyldu- og styrktarsjóður BHM, BSRB og KÍ felst annars vegar í rekstri fjölskyldusjóðs og hins vegar í innheimtu iðgjalda í styrktar- og sjúkrasjóði aðildarfélaganna. Rekstrarreikningur ársins tekur eingöngu til reksturs fjölskyldusjóðs, en einstök aðildarfélög annast rekstur styrktarsjóða sinna.

Iðgjöld í fjölskyldusjóð eru 0,18% frá og með 1. janúar 2005 og 0,37% í styrktar- og sjúkrasjóðina. Iðgjöldin eru tekjufærð við innborgun, en styrktar- og sjúkrasjóðshlutinn (0,37%) sem er á forræði einstakra aðildarféлага er færður á viðskiptareikninga þeirra. Í árslok eru eignfærð sem óinnheimt iðgjöld, iðgjöld vegna reikningsársins sem greidd voru til sjóðsins í ársbyrjun 2006.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fjölskyldu- og styrktarsjóður BHM, BSRB og KÍ fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskrifur eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

## 3. Launamál

	2005	2004
Laun .....	11.222.861	10.340.383
Launatengd gjöld .....	2.348.693	2.448.384
	<u>13.571.554</u>	<u>12.788.767</u>
Meðalfjöldi starfa .....	3	3

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur

	2005	2004
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	6.666.546	3.192.876

## 5. Fjármagnsgjöld

	2005	2004
Fjármagnstekjuskattur .....	(666.654)	(319.286)
Ónnur vaxtagjöld .....	(12.166)	(33.772)
	<u>(678.820)</u>	<u>(353.058)</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Hugbúnaður og tæki
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða í ársbyrjun .....	2.856.986
Staða í árslok .....	2.856.986
<b>Afskriftir</b>	
Staða í ársbyrjun .....	2.571.288
Staða í árslok .....	2.571.288
<b>Bókfært verð</b>	
Bókfært verð í ársbyrjun .....	285.698
Bókfært verð í árslok .....	285.698
Afskriftarhlutföll .....	33%

## 7. Aðrar peningalegar eignir

Óinnheimt iðgjöld	31.12.2005	31.12.2004
Óinnheimt iðgjöld .....	33.045.610	13.286.459
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4.799	2.374.668

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 8. Eigið fé

	Ójafnað tap
Eigið fé 1.1.2005 .....	(22.090.425)
Gjöld umfram tekjur ársins .....	(47.834.698)
Eigið fé 31.12.2005 .....	<u>(69.925.123)</u>

## Skýringar

### 9. Aðrar peningalegar skuldir

Óuppgerð iðgjöld til styrktarsjóða

	31.12.2005	31.12.2004
Óuppgerð iðgjöld .....	64.638.883	84.078.116
Óuppgerð stéttarfélagsgjöld vegna styrktarsjóða .....	6.913.503	5.638.651
	<u>71.552.386</u>	<u>89.716.767</u>

Iðgjöld sem innheimt voru til styrktar- og sjúkrasjóða aðildarféлага á árinu 2005 sundurliðast þannig:

Óuppgerð iðgjöld 1.1.....		84.078.116
Iðgjöld ársins.....		386.359.432
Greitt á árinu.....		(405.798.665)
Óuppgerð iðgjöld 31.12.....		<u>64.638.883</u>

Aðrar skammtímaskuldir

Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	0	3.764.948
Reiknað áfallið orlof .....	799.113	794.034
Heiti liðar .....	0	19.925
	<u>799.113</u>	<u>4.578.907</u>

### 10. Ábyrgðir og önnur mál

Í árslok voru skuldbindingar hjá sjóðnum til greiðslu fæðingarorlofs til félagsmanna vegna úthlutana sem búið var að samþykkja en áttí eftir að greiða um áramót samtals kr. 107.671.828. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn.

Sjóðurinn hefur gert samning við Félagsmiðstöðina sf. um húsaleigu sem er ótímabundinn með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti.

## Sundurliðanir

	2005	2004
<b>Rekstrartekjur</b>		
Iðgjöld til fjölskyldusjóðs .....	188.456.728	181.422.942
<b>Aðrar tekjur</b>		
Þátttaka Styrktarsjóðs BSRB í rekstri skrifstofu .....	5.902.373	4.749.336
<b>Úthlutanir úr fjölskyldusjóði</b>		
Laun .....	142.536.757	98.471.141
Tryggingargjald .....	9.072.239	6.256.169
Lífeyrissjóður .....	15.791.773	10.708.912
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	7.504.961	7.532.564
Ógreiddar samþykktar úthlutanir - breyting .....	56.399.034	32.296.570
	231.304.764	155.265.356
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Vinnulaun .....	11.111.238	10.023.401
Bifreiðastyrkir .....	111.623	316.982
Tryggingargjald .....	727.163	666.796
Lífeyrissjóður .....	1.467.588	1.296.518
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	31.802	30.063
Aðrir sjóðir .....	117.061	107.753
Áunnið orlof, breyting .....	5.079	308.859
Annar starfsmannakostnaður .....	0	38.395
	13.571.554	12.788.767
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	663.276	636.755
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	1.558.369	751.189
Sími .....	445.095	417.216
Pappír, prentun og ritföng .....	205.251	310.265
Önnur aðkeypt þjónusta .....	321.969	348.158
Skrifstofutæki og áhöld .....	0	63.920
Tryggingar .....	35.083	38.143
Annar kostnaður .....	76.164	5.976
	3.305.207	2.571.622